

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 frá 14. desember 2017 um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og járn(dextrani sem fóðurukefni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 333 frá 15. desember 2017)

Texti framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2330 á bls. 41 verði svohljóðandi:

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/2330**

2018/EES/25/31

frá 14. desember 2017

um leyfi fyrir járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir og járn(dextrani sem fóðurukefni fyrir smágrísi og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1334/2003 og (EB) nr. 479/2006 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Járnefnasamböndin járnklóríðhexahýdrat, járnnoxíð, ferrókarbónat, ferróklósamband af amínósýruhýdrati, ferróklósamband af glýsínhýdrati, ferrófúmarat, ferrósúlfatheptahýdrat og ferrósúlfatmónóhýdrat voru leyfð án tímamarka með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 ⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006 ⁽⁴⁾ í samræmi við tilskipun 70/524/EBE. Þessi efni voru síðan færð inn í skrá yfir fóðurukefni sem fyrirbyggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um endurmat á járnklóríðhexahýdrati, járnnoxíði, ferrókarbónati, ferróklósambandi af amínósýruhýdrati, ferróklósambandi af glýsínhýdrati, ferrófúmarati, ferrósúlfatheptahýdrati og ferrósúlfatmónóhýdrati sem fóðurukefni fyrir allar dýrategundir. Auk þess var lögð fram, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, umsókn varðandi járn(dextran sem fóðurukefni fyrir smágrísi. Umsækjendurnir óskuðu eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „næringarukefni“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 351, 30.12.2017, bls. 202. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtuð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 frá 25. júlí 2003 um breytingu á skilyrðum varðandi leyfi fyrir nokkrum aukefnum úr flokki snefilefna í fóðri (Stjtuð. ESB L 187, 26.7.2003, bls. 11).

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006 frá 23. mars 2006 að því er varðar leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem tilheyra flokknum snefilefnasambönd (Stjtuð. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 4).

- 4) Vegna vísindalegra sjónarmiða mælti Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) með því í álitum sínum frá 19. júní 2013 ⁽¹⁾, 30. janúar 2014 ⁽²⁾, 5. mars 2014 ⁽³⁾, 28. apríl 2014 ⁽⁴⁾ og 27. janúar 2016 ⁽⁵⁾ að breyta heiti járn- (e. *ferric*) í járn(III) og ferró- (e. *ferrous*) í járn(II) í því skyni að koma í veg fyrir hugsanlegan misskilning. Matvælaöryggisstofnunin mælti einnig með því að skipta járn(II)klósambandi af amínósýrum í eftirfarandi tvo hópa, með tilliti til efnafræðilegra eiginleika þess: Járn(II)klósamband af amínósýruhýdrati og járn(II)klósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi járn(II)karbónat, járn(III)klóríðhexahýdrat, járn(II)súlfatmónóhýdrat, járn(II)súlfatheptahýdrat, járn(II)fúmarat, járn(II)klósamband af amínósýruhýdrati, járn(II)klósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósamband af glýsínhýdrati ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða umhverfið. Þar eð nikkell er fyrir hendi í hverju járn(II)- og járn(III)-efnasambandi geta þau verið ertandi fyrir öndunarfæri, augu og húð og gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir að því er varðar meðhöndlun viðkomandi aukefna og forblandna sem innihalda þau til að koma í veg fyrir að upp komi öryggisvandi fyrir notendur.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. janúar 2017 ⁽⁶⁾ að við tillögð notkunarskilyrði hafi járn-dextran ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, öryggi neytenda eða umhverfið og að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi varnarráðstöfunum væri beitt.
- 7) Matvælaöryggisstofnunin komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að járn(II)karbónat, járn(III)klóríðhexahýdrat, járn(II)súlfatmónóhýdrat, járn(II)súlfatheptahýdrat, járn(II)fúmarat, járn(II)klósamband af amínósýruhýdrati, járn(II)klósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína, járn(II)klósamband af glýsínhýdrati og járn-dextran séu áhrifarikir járn-gjafir; lífaðgengi járn(II)karbónats er þó verulega breytilegt og telst vera minna en lífaðgengi járn(II)súlfats. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslur um aðferð til að greina fóduraukefni í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 8) Matið á járn(II)karbónati, járn(III)klóríðhexahýdrati, járn(II)súlfatmónóhýdrati, járn(II)súlfatheptahýdrati, járn(II)fúmarati, járn(II)klósambandi af amínósýruhýdrati, járn(II)klósambandi af vatnsrofsmyndefnum prótína og járn(II)klósambandi af glýsínhýdrati sem fóduraukefni fyrir allar dýrategundir og járn-dextrani fyrir smágrísi sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt, nema fyrir drykkjarvatn. Í samræmi við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð og banna notkun þeirra í drykkjarvatn.
- 9) Af veitingu nýrra leyfa fyrir „járnklóríðhexahýdrati“, „ferrókarbónati“, „ferróklósambandi af amínósýruhýdrati“, „ferrófúmarati“, „ferrósúlfatheptahýdrati“, „ferrósúlfatmónóhýdrati“ og „ferróklósambandi af glýsínhýdrati“ með þessari reglugerð og synjun leyfis fyrir „járnóxíði“ leiðir að fella ætti brott færslurnar fyrir þessi efni í reglugerðum (EB) nr. 479/2006 og (EB) nr. 1334/2003.
- 10) Þar eð Matvælaöryggisstofnunin gat ekki komist að niðurstöðu um öryggi járnóxíðs fyrir marktægundirnar í áliti sínu frá 24. maí 2016 ⁽⁷⁾ ætti að taka aukefnið og fóður sem inniheldur það af markaði eins fljótt og mögulegt er. Til hagræðingar ætti þó að gera ráð fyrir takmörkuðu umbreytingartímabili til að taka viðkomandi vörur af markaði til að gera rekstraraðilum kleift að uppfylla skilyrðin varðandi innköllunina á tilhlýðilegan hátt.
- 11) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausu beitingu á breytingum á skilyrðum fyrir leyfi fyrir járnklóríðhexahýdrati, ferrókarbónati, ferróklósambandi af amínósýruhýdrati, ferróklósambandi af glýsínhýdrati, ferrófúmarati, ferrósúlfatheptahýdrati og ferrósúlfatmónóhýdrati, sem eru leyfð með reglugerð (EB) nr. 1334/2003 og reglugerð (EB) nr. 479/2006, af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

⁽¹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2013 11(7), 3287.

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(2), 3566.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(3), 3607.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(5), 4109.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(2), 4396.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(2), 4701.

⁽⁷⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(6), 4508.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Sérstök notkunarskilyrði

Leyfðu efnin, sem tilgreint er í viðaukanum að séu aukefni sem tilheyra aukefnaflokknum „næringaraukefni“ og virka hópnum „snefilefnasambönd“, skulu ekki notuð í drykkjarvatn.

3. gr.

Synjun

Hér með er synjað um leyfi fyrir járnoxíði og ekki skal nota efnið lengur sem næringaraukefni í fóður.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1334/2003

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1334/2003, frá færslu E1 um frumefnið járn-Fe, falli eftirfarandi aukefni, efnaformúlur þeirra og lýsingar brott: „járnklóríðhexahýdrat“, „ferrókarbónat“, „ferróklósamband af aminósýruhýdrati“, „ferrófúmarat“, „ferrósúlfatheptahýdrat“, „ferrósúlfatmónóhýdrat“ og „járnnoxíð“.

5. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 479/2006

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 479/2006 falli færsla E1 um aukefnið „Vatnað ferróklósamband glýsins“ brott.

6. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin „járnklóríðhexahýdrat“, „ferrókarbónat“, „ferróklósamband af aminósýruhýdrati“, „ferróklósamband af glýsínhýdrati“, „ferrófúmarat“, „ferrósúlfatheptahýdrat“, „járnnoxíð“ og „ferrósúlfatmónóhýdrat“, sem voru leyfð með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1334/2003 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 479/2006, og forblöndur, sem innihalda þessi efni, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. júlí 2018 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. janúar 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.

2. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 4. janúar 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. janúar 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.

3. Fóðurefni og fóðurblöndur sem innihalda efnin, sem um getur í 1. mgr., sem eru framleidd og merkt fyrir 4. janúar 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. janúar 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
Flokkur næringaraukefna. Virkur hópur: snefilefnasambönd									
3b101		Járn(II)karbónat (síderít)	<p><i>Samsetning aukefnis:</i> Duft úr unnu málmgrýti, sem inniheldur síderít, með FeCO₃-innihald að lágmarki 70% og samanlagt járninnihald 39%</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i> Efnaformúla: FeCO₃ CAS-númer: 563-71-3 <i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾ Til að sanngreina járn og karbónat í fóduraukefninu: — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 2.3.1. Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum fóduraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining Til að magnákværða heildarinnihald járn í fóduraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða</p>	Allar dýrategundir, að undanskildum smágrísimum, kálfum, kjúklingum, allt að 14 daga gömlum, og kalkúnum, allt að 28 daga gömlum	—	—	Sauðfé: 500 (samtals ⁽²⁾) Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ⁽²⁾) Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾) Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)	<ol style="list-style-type: none"> Setja má járn(II)karbónat á markað og nota sem aukefni sem samanstandur af blöndu. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódur fyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járn í fóðurefnum og fóðurblandum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 					4. Á merkimiða aukefnis og forblandna sem innihalda það skal tilgreina eftirfarandi: „Ekki skal nota járn(II)karbónat sem járngjafa fyrir ung dýr vegna takmarkaðs lífaðgengis.“	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamóla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
3b102	—	Járn(III)klóríð hexahýdrat	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Járn(III)klóríðhexahýdrat, sem duft, með a.m.k. 19% járninnihaldi.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p>Efnamóla: $\text{FeCl}_3 \cdot 6\text{H}_2\text{O}$ CAS-númer: 10025-77-1 <i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að sanngreina járn og klóríð í fóðuraukefninu:</p> <p>— Evrópska lyfjaskráin, gæðalýs- ing efnis 2.3.1.</p> <p>Kristallafræðileg lýsing á eigin- leikum fóðuraukefnisins:</p> <p>— Röntgenbylgjubognunar- greining</p> <p>Til að magnákvarða járnklóríð- hexahýdrat í fóðuraukefninu:</p> <p>— Títrun með natríumbíósúlfati (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 1515).</p> <p>Til að magnákvarða heildar- innihald járn í fóðuraukefni og forblöndum:</p> <p>— Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða</p>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<ol style="list-style-type: none"> Setja má járn(III)klóríðhexa- hýdrat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. Aukefnið skal notað í fóður í formi fljótandi forblöndu. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skípulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilmátturs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járn í fódurefnum og fódurblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
3b103	—	Járn(II)súlfat- mónóhýdrat	<p><i>Samsetning aukefnis:</i> Járn(II)súlfatmónóhýdrat, sem duft eða korn, með a.m.k. 29% járninnihaldi.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i> Efnamúla: $\text{FeSO}_4 \cdot \text{H}_2\text{O}$ CAS-númer: 17375-41-6 <i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾ Til að sanngreina járn og súlfat í fóðuraukefninu: — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 2.3.1. Kristallafræðileg lýsing á eiginleikum fóðuraukefnisins: — Röntgenbylgjubognunargreining Til að magnákvarða járn(II)súlfatmónóhýdrat í fóðuraukefninu: — Títrun með ammóníumi og seríumnítrati (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0083), eða — títrun með kalíumdíkrómáti (EN 889). Til að magnákvarða heildarinnihald járn í fóðuraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða</p>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ⁽²⁾) Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ⁽²⁾) Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ⁽²⁾) Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾) Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<ol style="list-style-type: none"> Setja má járn(II)súlfatmónóhýdrat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járns í fóðurefnum og fóðurblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
3b104	—	Járn(II)súlf- atheptahýdrat	<p><i>Samsetning aukefnis:</i> Járn(III)súlfatheptahýdrat, sem duft, með a.m.k. 18% járninnihaldi.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i> Efnamúla: $\text{FeSO}_4 \cdot 7\text{H}_2\text{O}$ CAS-númer: 7782-63-0 <i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾ Til að sanngreina járn og súlfat í fóðuraukefninu: — Evrópska lyfjaskráin, gæðalýs- ing efnis 2.3.1. Kristallafræðileg lýsing á eigin- leikum fóðuraukefnisins: Röntgenbylgjubognunargreining Til að magnákværða járn(II)súlf- atheptahýdrat í fóðuraukefninu: — Títrun með ammóníumi og seríumnítrati (Evrópska lyfja- skráin, gæðalýsing efnis 0083), eða — títrun með kalfumdíkrómati (EN 889). Til að magnákværða heildar- innihald járns í fóðuraukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða</p>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ⁽²⁾) Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ⁽²⁾) Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ⁽²⁾) Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾) Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<ol style="list-style-type: none"> Setja má járn(II)súlfatheptahýdrat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járn í fóðurefnum og fóðurblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
3b105		Járn(II)fúmarat	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Járn(II)fúmarat, sem duft, með a.m.k. 30% járninnihaldi.</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p>Efnafornúla: C₄H₂FeO₄</p> <p>CAS-númer: 141-01-5</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að magnákværða járn(II)fúmarat í fóðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Títrun með séríumsúlfati (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0902). <p>Til að magnákværða heildarinnihald járn í fóðuraukefni og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Setja má járn(II)fúmarat á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<p>Til að magnákvarða heildarinnihald járn í fóðurefnum og fóðurblandum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						
3b106	—	Járn(II)kló-samband af amínósýru-hýdrati	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Járn(II)amínósýruflóki þar sem járn og amínósýrur, sem fengnar eru úr sojaprótíní, eru klóbundin með flókatengjum, sem duft, með a.m.k. 9% járninnihaldi.</p>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ^(?))</p> <p>Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ^(?))</p> <p>Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ^(?))</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Setja má járn(II)klósamband amínósýra á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnasmúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p>Efnasmúla: $\text{Fe}(x)_{1-3} \cdot n\text{H}_2\text{O}$, $x =$ mínusjón amínósýru úr vatnsrofsmyndefni sojaprótína.</p> <p>Að hámarki 10% sameinda fara yfir 1 500 Da.</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að magnákvarða innihald amínósýru í fóðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Jónagreining með afleiðumyndun nínhýdríns eftir súlu og ljósmæligreiningu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, F-hluti III. viðauka). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járns í fóðuraukefni og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 			<p>Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<p>3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum.</p>		

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<p>Til að magnákvarða heildarinnihald járn í fóðurefnum og fóðurblandum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						
3b107	—	Járn(II)klósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Járn(II)klósamband af vatnsrofsmyndefnum prótína, sem duft, með a.m.k. 10% járninnihaldi.</p> <p>A.m.k. 50% klóbundið járn.</p>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ^(?))</p> <p>Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ^(?))</p> <p>Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ^(?))</p>	<ol style="list-style-type: none"> 1. Setja má járn(II)klósamband af vatnsrofsmyndefni prótína á markað og nota sem aukefni sem samanstandur af blöndu. 2. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efniformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p>Efniformúla: $\text{Fe}(x)_{1-3} \cdot n\text{H}_2\text{O}$, $x =$ mínusjón amínósýru úr vatnsrofsmyndefni sojaprótína.</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að magnávarða innihald vatnsrofsmyndefna prótíns í fóðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Jónagreining með afleiðumyndun nínhýdríns eftir súlu og ljósmæligreiningu (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, F-hluti III. viðauka). <p>Til eigindlegrar sannprófunar á klóbindingu járn í fóðuraukefninu:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Litrófsgreining sem byggir á innrauðri Fourier-ummyndun (e. <i>Fourier Transformed Infrared spectroscopy</i> (FTIR)) og síðan fjölbreytuaðhvarfsaðferðum (uppfærðar af tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins) ⁽³⁾ <p>Til að magnávarða heildarinnihald járn í fóðuraukefni og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða 			<p>Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾)</p> <p>Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<p>3. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum.</p>		

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járns í fóðurefnum og fóðurblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnamúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
3b108	—	Járn(II)kló- samband af glýsínhydrati	<p><i>Samsetning aukefnis:</i> Járn(II)klósamband af glýsín- hýdrati, sem duft, með a.m.k. 15% járninnihaldi. Raki: að hámarki 10%. <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i> Efnamúla: $Fe(x)_{1-3} \cdot nH_2O$, $x =$ mínusjón glýsíns. <i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾ Til að magnákvarða glýsíninnihald í fóðurukefninu: — Jónagreining með afleiðumyndun nínhýdríns eftir súlu og ljósmæligreiningu (reglugerð framkvæmdastjórn- arinnar (EB) nr. 152/2009, F- hluti III. viðauka). Til að magnákvarða heildar- innihald járns í fóðurukefni og forblöndum: — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða</p>	Allar dýrategundir	—	—	<p>Sauðfé: 500 (samtals ⁽²⁾) Nautgripir og alifuglar: 450 (samtals ⁽²⁾) Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg/dag (samtals ⁽²⁾) Gæludýr: 600 (samtals ⁽²⁾) Aðrar tegundir: 750 (samtals ⁽²⁾)</p>	<ol style="list-style-type: none"> Setja má járn(II)klósamband af glýsínhydrati á markað og nota sem aukefni sem samanstendur af blöndu. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og viðeigandi skípulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni og forblöndum. 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járns í fóðurefnum og fóðurböndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypmæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypmæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). 						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnafornúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
3b110		Járndextran 10%	<p><i>Samsetning aukefnis:</i></p> <p>Vatnskennd kvoðulausn járn-dextrans með 25% járn-dextran (10% heildarinnihald járn, 15% dextran), 1,5% natríumklóríð, 0,4% fenól og 73,1% vatn</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins:</i></p> <p>Járn-dextran</p> <p>Efnafornúla: $(C_6H_{10}O_5)_n \cdot [Fe(OH)_3]_m$</p> <p>IUPAC-heiti: járn-hýdroxíð-dextran ($\alpha,3-\alpha,1,6$-glúkan)-flóki</p> <p>CAS-númer: 9004-66-4</p> <p><i>Greiningaraðferðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að greina eiginleika fód- uraukefnisins:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Breska og bandaríska lyfjaskráin, gæðalýsing járn-dextrans. <p>Til að magnákværða heildar- innihald járn í fóduraukefni og forblöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða 	Mjólkurgrísir	—	—	200 mg/dag einu sinni á fyrstu viku ævinnar og 300 mg/dag einu sinni á annarri viku ævinnar	<p>1. Að því er varðar notendur aukefnis skulu stjórnendur fóður-fyrirtækja koma á verklags- reglum og viðeigandi skipulags- ráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er hægt að draga úr áhættu með þessum reglum og ráðstöfunum svo að hún verði ekki meiri en svo að við megi una skal nota viðeigandi persónuhlífar við notkun á þessu aukefni.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum komi fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> — „Aukefnið eitt og sér skal einungis gefa beint með fóðurbæti“ — „Aukefnið skal ekki gefið smágrísnum sem skortir E- vítamín og/eða selen.“ — „Forðast skal að nota önnur járnsambönd á sama tíma og járn-dextran 10% er gefið (fyrstu tvær vikur ævinnar).“ 	4. janúar 2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			<ul style="list-style-type: none"> — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða — Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP-AES) (CEN/TS 15621). <p>Til að magnákvarða heildarinnihald járns í fóðurefnum og fóðurlöndum:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Frumeindagleypnimæling (AAS) (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009, C-hluti IV. viðauka), eða — Frumeindagleypnimæling (AAS) (EN ISO 6869), eða — Rafgasgeislunargreining (ICP-AES) (EN 15510), eða 						

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Innihald frumefnisins (Fe) í mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald eða í mg frumefnisins (Fe)/dag eða viku			
			— Rafgasgeislunargreining eftir leysingu undir þrýstingi (ICP- AES) (CEN/TS 15621).						

(¹) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>

(²) Magn óvirks járns skal ekki tekið með í útreikningi á heildarjámminnihaldi fóðursins.

(³) Hægt er að bæta við aðferðina með annarri aðferð. Í því tilviki mun tilvísunarrannsóknarstofan uppfæra matsskýrslu sína og birta viðeigandi aðferð á: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>⁴